

Mál nr. 93/2017
Damian Dobrowolski (M) og
Vátryggingafélagið hf. (V) v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A og frjálsrar
ábyrgðartryggingar E.

Hurð á flutningabíl féll á höfuð bílstjóra þ. 5.9.2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið 14.3.2017 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-8
2. Bréf V dags. 30.3.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

M er bílstjóri hjá E og var að aka flutningstæki með vörum inn á flutningabílinn A, þegar efri hurðarfleki aftan á A lokaðist rétt framan við M með þeim afleiðingum að hurðarflekinn féll ofan á höfuð M, sem slasaðist. M krefst bóta og byggir á því að slysið hafi hlotist af ökutæki í notkun sbr. 1.mgr. 88.gr. umfl. nr. 50/1987, í beinum tengslum við fermingu A. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu E fáist tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A, enda aðbúnaður verið óforsvaranlegur. M segir að pumpur á hurðarhlera bifreiðarinnar hafi verið lélegar og skipt hafi verið um þær eftir slysið, en einungis hafi verið pumpa öðrum megin við hurðarhlerann á A og hún brotin. M bendir á að A hafi verið notuð af öðrum en honum við vinnu hjá E. V hafnar bótaskyldu og bendir á að A hafi verið fermd eða affermd án þess að notaður væri sérstakur útbúnaður bifreiðarinnar við framkvæmd verksins. V segir að orsök slyssins verði því hvorki rakin til sérstaks búnaðar né annarra sérstakra eiginleika A. V segir að það hafi verið á ábyrgð M að sjá um að pumpur á hurðarhlerum þeirrar bifreiðar sem hann ók væru í ásættanlegu ástandi. V tekur fram að M hafi starfað við akstur vörubifreiða hjá E í mörg ár og því fullkunnugt um þetta verklag. V segir óumdeilt að pumpur á hurð A hafi verið lélegar og skipt hafi verið um þær á árinu 2016, en hafi pumpurnar verið jafnslæmar og M lýsir þá hafi M þurft að sýna sérstaka aðgæslu, sem hann hafi ekki gert. Þá byggir V á því að verði fallist á bótaskyldu þá beri að skerða bætur til M vegna stórkostlegs gáleysis hans sbr. 1.mgr. 23.gr.a skaðabótalaga nr. 50/1987.

Álit.

Miðað við lýsingu í málskoti og önnur gögn málsins verður slysið ekki rakið að neinu leyti til aksturs A, sérstaks búnaðar A eða eiginleika A sem ökutækis. Slysið á á því ekki rættur að rekja til vélknúins ökutækis í notkun. M á því ekki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V. M hefur ekki sýnt fram á að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar og/eða að E eða starfsfólk E eða einhver sem E ber ábyrgð á beri sök á slysi M. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu E hjá V.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A né frjálsri ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 13.6.2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.